

Hafnarfjörður 16 október 2014-

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar

220 Hafnarfjörður.

Hafnarfjörður	er
Dagur:	17/10 2014
Númer:	1410396
Stærð:	5214

Hestamannafélagið Sörli hér í Hafnarfirði óskar eftir við Hafnarfjarðarbær að meira verði gert við lagninu þeirra reiðvega sem eru inná aðalskipulagi og eins að viðhalda á þeim reiðgötum sem til eru.

Reiðleiðin um Gráhelluhraun er frábær leið og glæsileg framkvæmd og það ber að þakka. Það hefur síðan þá engin ný leið verið lögð og viðhald reiðleiða hefur að mestu verið kostuð af Hestamannafélaginu Sörla. Reiðgöturnar eru í eigu Hafnarfjarðar og ætti bærinn því að koma meira að því að laga þær.

Sörli á möguleika á að sækja um framlag úr reiðvegafé af fjárlögum ríkisins. Það er þó háð því að við séum að fara í nýframkvæmdir og að þetta sé leið sem við þurfum ekki að deila með akandi umferð. Við sjáum fyrir okkur að, ef þetta fé fæst, þá muni það nýtast sem mótframlag Sörla, í þeim framkvæmdum sem bærinn færir í. Á því skipulagi sem nýlega var samþykkt eru teiknaðar reiðleiðir sem allir eru mjög spenntir fyrir að fá.

Sörla svæðið er um 900 manna vaxandi samfélag, auk þess sem Íshestar eru það með töluverðan rekstur. Teljum við að nú sé lag og þörf á að fara í framkvæmdir og skorum við á yfirvöld Hafnarfjarðarbæjar að verða við þessari ósk okkar Sörla fólks.

Með góðri kveðju,

F.h. Stjórnar og reiðveganeftdar Sörla.

Haraldur Guðfinnsson.

